

Fundur 4.11.2010

Mættir á fundinn: Særún, Axel, Sólveig, Sigurður, Karen, Selma, Marino, Kristín Andrea og Helga Margrét frá Heimili og Skóli.

Innheimtan:

- Mikið mál að fá lista yfir foreldra til að setja gíróseðil í heimabanka
- Geyma að rukka inn þangað til í mars.
 - Vinnst aðeins meiri tími til að vinna úr lista.

Helga segir frá eineltisfyrirlestri frá því í gær, sem og eineltibæklingi sem Heimili og Skóli var að gefa út.

- Spjallað aðeins um einelti almennt og hvernig tekið er á málum.
- Eineltisfyrirlestur í Noregi
 - Skoðað tengslanet, nemendur númeraðir og tengt á milli,
 - Kom í ljós eitt númer sem hafði engin tengsl.
 - Skoðað algengustu staði eineltis, oft 5 staðir
- Beina þarf athygli að þeim 5% sem verða fyrir einelti, ekki fagna þeim 95% sem sleppa.
- Hafa þarf samband við foreldra geranda og þolanda
- Skoða þarf heildarmyndina og taka á málum þannig

Háskólinn á Akureyri gerir rannsókn árlega, um líðan barna í skóla, HBSC rannsókn

- Niðurstöður er að koma núna frá könnun sem var gerð í fyrra í Hjallaskóla annars vegar og Digranesskóla hins vegar.
- Sækja þessar niðurstöður til stjórnenda og bera saman niðurstöður fyrir og eftir sameiningu.

Athuga eftirfarandi:

- Hvar er námskráin? Athuga að jafnræði sé með skólunum
- Hver eru gildi skólans? (virkni, virðing, vellíðan á þetta ennþá við)
- Fyrir hvað stendur skólinn? Hver er sérstaða hans?
- Foreldrafélagsstjórnin hitti nemendaráð og Skólaráð.
 - Fá ábendingar frá nemendum hvað betur þarf að fara.
 - Nemendaráð eiga að vera með fulltrúa úr bekkjum a.m.k frá 5. bekk. Kenna þeim að koma á framfæri skoðunum þeirra.
- Skólareglur, hver setur þær
- Athuga gæslu í búningsklefum og sturtumál.
 - Særún og Marínó eiga að koma með fyrirspurn um það. Helga bendir á að gæslu þarf aðallega á elsta stigi, ekki bara yngstu börnin.
- Athuga hvernig hægt er að komast að því hverjir taka ekkert þátt í félagslífi, hverjir eru útundan.
 - Lífsleiknikennarar geri könnun um þetta?
 - Drög að reglugerð um ábyrgð nemenda á líðan, hegðun, námi. Helga ætlar að senda drögin á Sólveigu eða Sigurð.

- Umræða um ef eitthvað kemur upp á hjá nemendum utan skóla, samskiptamiðlun og samfélagsvandamál.
- Hver er hugmyndfræði nýs skóla?
- Sjá hvernig staða er á málum utan námsins sjálfs. Ritarar, bekkjarfulltrúar, hlutverk námsráðgjafa, innanhússmál og annað. Kannski enn í lausu lofti

Það sem við þurfum að einblína á er foreldrastarfið. Þurfum að hafa fund með skólastjórum. Svona viljum við hafa þetta. Hvernig viljið þið hafa þetta.

- Helga sagði okkur frá “Skólastjórapúls”, spurningalista sem nemendur voru látnir svara. Heimili og Skóli er með spurningalista fyrir foreldrana.
- Hafa fund með bekkjarfulltrúum, ræða hlutverk foreldra og bekkjarfulltrúanámskeið
- Klára bekkjarfulltrúakosningu.
- Koma réttum boðleiðum á heimsíðu skólans
- Gera fréttabréf um störf foreldrafélagsstjórnar.
- Fá aðstandendalista fyrir bekkjarfulltrúa
- Boða fund með viku fyrirvara, hringja eða senda sms rétt fyrir fund
- **Skólafærinámsskeið:** Nauðsynlegt fyrir fólk sem kemur nýtt inn í hverfið, bæði foreldra skólabarna og nýja kennara. Fólk fær bækling með eftirfarandi upplýsingum:
 - Skólareglur kynntar
 - Umhverfið kynnt
- Með nýjum skóla kemur ný menning
 - Ný unglíngamenning
 - Virkja Samkóp
 - Foreldrarölt skarist við aðra skóla/hverfi
 - Nota niðurstöður HBSC könnunar til að læra á nýja menningu
 - Hvert leita krakkarnir
 - Neysla unglínga o.fl.
- Foreldrasáttmálinn
 - Hvernig kynntur, verður hann gerður
 - Sáttmálinn á að leiðsinna foreldrum ef eitthvað kemur upp utan skólans
 - Ef kennari kemst að einhverju utan skóla, nauðsynlegt að koma því til foreldra á foreldrafundi.
 - Við skrifum undir sáttmála svo að tekið sé á málum.

Athuga

- Rannveig er formaður skólaráðs. Þurfum að fá skilgreiningu á starfi Ragnheiðar,
- Samræma heimsíður
- Samræma námskrá
- Hver er yfirmaður skólastjóra í Kópavogi?
- Ef kemur upp deila milli skólastjóra.
- Hvað kom út úr stefnumótunardegi?
- Upplýsa skólastjóra um störf okkar og fundi

- Hvernig eru reglur skólans um hvað sett er inn á Mentor. Hvað er í kennarahandbókinni.
 - Til leiðsagnamat í Mentor sem væri sniðugt að setja fyrir elsta stigið, virkja það
 - Hvernig hefur niðurskurður haft áhrif á t.d. forföll, o.fl.
 - Biðja um aukastyrki til sveitafélaga til að efla skólabraginn. Hvað er gott og hvað má bæta.
- Forvarnaáætlun, er einhver áætlun?
- Áfallateymi
Koma þessu tvennu inn á heimsíðu skólans.

Þarf að láta ganga fyrir að bekkjarfulltrúar séu kosnir í öllum bekkjum. Við sem erum fulltrúar á hverju stigi gangi í málin. Verður að koma 1-2 í hverri bekkjardeild. Fulltrúar á hverju stigi fyrir sig ganga í að boða og ef fulltrúarnir eru ekki til þá að ganga eftir því að það sé klárað. **Fundur verður 17. nóv kl 20-22:00**

Fylgiskjal

Pkt sem við fengum afhent frá Helgu Margréti

Punktur til umræðu á stjórnarfundum nýs sameinaðs foreldrafélags Álfhólsskóla

Hvernig samstarf vill skólinn?
Hvaða skilaboð fá foreldrar frá skólanum um samstarfið?
Hver eru markmið samstarfsins?
Hvað vill skólinn fá út úr samstarfinu?

Hverjar eru hugmyndir skólastjóra um uppbyggingu samstarfsins?
Hvert var markmiðið með sameiningunni – Hver er ávinningurinn?
Hver er staðan í sameiningarferlinu núna?
Hvernig sér skólinn fyrir sér samstarf við heimilin?
Hver er stefna skólans varðandi samstarf **við foreldrafélagið**?

Hvernig starfar skólaráðið - fundar það reglulega – er til starfsreglur fyrir það?
Hvar getur maður séð starfsáætlun skólans?
Hvað líður skólanámskrá? Hvernig er kaflinn um samstarf heimilis og skóla?
Heimasíða?

Úrvinnsla upplýsinga og samantekt af **stefnumótunardegi** frá því í vor?
Fyrir hvað stendur hinn nýji skóli? Hver er hugmyndafræðin?
Hver eru gildin? Hvað er verið að sameina? Leiðarljós?
Hvernig á að byggja upp jákvæðan skólabrag í nýja skólanum?
○ Verklagsreglur varðandi foreldraviðtöl – **leiðsagnamat** úr Mentor – hvernig er úrvinnslan
○ Verklagsreglur varðandi samskipti á MENTOR –
Hvaða upplýsingar á að geyma?

Hvaða skilaboð á að fara fram?

Fá fram niðurstöður úr **HBSC** rannsóknar Þórodds Bjarnasonar HA í okt 2010 bera saman skóla (Digranesskóla og Hjallaskóla)

Hvernig eru nýjir kennarar settir inn í starfið – er til handbók fyrir kennara

Skólafærninámskeið – hvernig eru foreldrar settir inn að vera skólaforeldrar? Er til eineltisáætlun? Hvað með forvarnir í Álfhólsskóla? Foreldrasáttmálinn?

Hvað vilja nemendur? Hafa nemendur með í ráðum – Skólinn er fyrir nemendur. Fá stjórn foreldrafélagsins til að hitta nemendaráð

Lífsleiknikennsla? Námsfni í lífsleikni um lýðræði? Námsmat í lífsleikni?

Valfög á unglíngastigi?

Forfallakennsla? Hver er samdráttur. Hvað er gott og hvað má bæta

Forvarnaráætlun og Áfallateymi – koma því á heimsíðu